



Alþingi
Erindi nr. P 128/484
komudagur 4.12.2002

E F N A M Ó T T A K A N H F

Reykjavík 2. desember 2002.

Nefndarsvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Þingsályktunartillaga um framtíðarhlutverk Sementsverksmiðjunnar hf., 133. mál.


Efnamottakan hf. þakkar fyrir að fá til umsagnar þingsályktunartillögu um að fela iðnaðarráðherra að láta gera úttekt á framtíðarhlutverki Sementsverksmiðjunnar hf.

Sementsverksmiðjur erlendis hafa lagt mikla áherslu á að fá úrgangsefni til brennslu í stað olíu eða kola. Þannig losna verksmiðjurnar við kaup á eldsneyti og fá jafnvel greitt með brennslu úrgangsefnanna. Viðkomandi samfélag þarf ekki að leggja til land undir urðun þeirra úrgangsefna sem þannig er unnt að brenna, eða eyða þeim með öðrum og oft á tíðum dýrari hætti.

Með væntanlegum úrvinnslulögum skapast hagrænir hvatar til að safna í auknum mæli umbúðaúrgangi, hjólbörðum o.fl. Þau lönd sem á annað borð hafa einhver umhverfismarkmið leitast nú við að minnka urðun úrgangs eins og kostur er. Sum efni er hægt að endurvinna sem hráefni í aðra framleiðsluvöru, en öðrum efnum þarf að finna annan farveg. Fyrir Alþingi liggur frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs og þar kemur fram að innan fárra ára verður bannað að urða hjólbarða. Á Íslandi er núna enginn farvegur fyrir ónýta hjólbarða nema í urðun. Hjólbarða og ýmsan umbúðaúrgang er tiltölulega einfalt að brenna til orkuvinnslu eða til að koma í stað annarra orkugjafa. Þar getur Sementsverksmiðjan gengt stóru hlutverki. Nú þegar er brennt í ofni Sementsverksmiðjunnar talsverðu magni af olíu, framköllunarefnum og leysiefnum og hefur sú brennsla þegar sparað umtalsverð kaup verksmiðjunnar á eldsneyti erlendis frá.

Það yrði verulegt áfall fyrir úrvinnsluiðnaðinn hér á landi ef brennslu úrgangsefna yrði hætt í Sementsverksmiðjunni. Þá þarf að koma þessum efnum í aðra farvegi, í flestum tilfellum erlendis, með tilheyrandi kostnaði. Einnig þarf að hafa í huga að reglur um flutning úrgangsefna milli landa verða sífelld strangari. Efnamottakan hf. hvetur því Alþingi til að skoða hvernig tryggja megi rekstur Sementsverksmiðjunnar á Akranesi til frambúðar.

Virðingarfyllst,
f.h. Endurvinnslunnar hf.


Gunnar Bragason,
framkvæmdastjóri.

Heimilisfang / Address
Gufunes
112 Reykjavík
Iceland

Sími / Tel. +354-520 2220
Myndsendir / Telefax
+354-520 2209
efnamottakan@efnamottakan.is
www.efnamottakan.is

Kennit. / Reg. No. 691298-2729
Vsk.nr. / VAT.No. 60711
Reykjavík Savings Bank
Icebank Ltd. Ármúla 13a
1158-26-5544